

Helga Maureen Gylfadóttir  
Guðný Gerður Gunnarsdóttir

# Húsakönnun

Aðalstræti – Vallarstræti – Thorvaldsensstræti – Kirkjustræti




**Reykjavík 2005**

Minjasafn Reykjavíkur  
Skýrsla nr. 125

# Húsakönnun

Aðalstræti – Vallarstræti – Thorvaldsensstræti – Kirkjustræti

Helga Maureen Gylfadóttir, sagnfræðingur  
Guðný Gerður Gunnarsdóttir, borgarminjavörður



**Reykjavík 2005**

Minjasafn Reykjavíkur  
Skýrsla nr. 125

Unnið að beiðni Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur  
vegna deilishipulagsvinnu.

Ljósmyndir: Helga Maureen Gylfadóttir, Minjasafni Reykjavíkur.

Kort: Björn Ingi Edvardsson, Skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkur.

Skýrslur Minjasafns Reykjavíkur – Árbæjarsafns.  
Ritstjóri: Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður

© Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn Helga Maureen Gylfadóttir sagnfræðingur.

Mynd á forsíðu:  
Thorvaldsensstræti 2, Kvennaskólinn við Austurvöll.  
Ljósmyndari Sigrún Eymundsson. *Pjóðminjasafn Íslands*, SEY 603.

Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn  
Skýrsla nr. 125  
Reykjavík 2005  
Öll réttindi áskilin.

## **Efnisyfirlit**

### **1. Húsakönnun.**

Formáli.....	4
Byggingarsaga.....	5
Varðveislumat.....	20
Kort Húsverndarskrár Reykjavíkur.....	21

### **2. Húsaskrá.**

Aðalstræti 7.....	22
Aðalstræti 9.....	23
Thorvaldsensstræti 2.....	24
Thorvaldsensstræti 4.....	25
Vallarstræti 4.....	26
Heimildaskrá.....	27
Myndaskrá.....	28

## Formáli

Hér fer á eftir könnun byggðar á staðgreinireit **1.140.4** í Reykjavík, en hann afmarkast af Aðalstræti, Vallarstræti, Thorvaldsensstræti og Kirkjustræti. Húsakönnunin er unnin að beiðni Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur í samræmi við skipulagslög vegna gerðar deiliskipulags á svæðinu. Þessi reitur er innan þess svæðis sem varðveisluskrá Reykjavíkur nær til, en það er svæðið innan Hringbrautar/ Snorrabrautar.

Húsin á reitnum eru frá ýmsum tímum, en elsta húsið á svæðinu var byggt árið 1878 og það yngsta 1972. Ekki er um að ræða tæmandi sögulega úttekt á viðkomandi svæði, en þó er skoðað hvaða hús hafa verið byggð á svæðinu í gegnum árin og þau metin sem enn standa. Sú rannsókn er nauðsynleg til að átta sig á samhengi byggðarinnar og þróun svæðisins.

Við mat á varðveislugildi húsa hefur verið beitt svokallaðri SAVE-aðferð (Survey of Architectural Value in the Environment) sem gerð er grein fyrir í ritinu *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana*, útgefnu af Húsafríðunarnefnd ríkisins 1996. Þar er höfð til hliðsjónar dönsk SAVE-aðferð, þar sem lagt er mat á fjóra þætti: *Listrænt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð*.

**Varðveislugildi húsa** byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem gefin var út sem þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996–2016, *Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Snorrabrautar/ Hringbrautar*. Þar sem húsverndarskráin er ekki að öllu leyti byggð á rannsóknum heldur á fyrirliggjandi gögnum og úttekt byggðarinnar á staðnum, getur verið nauðsynlegt að gera breytingar eftir nákvæmari húsakönnun.

Október 2005,

Guðný Gerður Gunnarsdóttir, borgarminjavörður  
Minjasafni Reykjavíkur – Árbæjarsafni.

## Byggingarsaga

Hér fer á eftir byggingarsöguleg úttekt í miðborg Reykjavíkur á staðgreini-reitnum **1.140.4.**

### Staðsetning

Til umfjöllunar hér er það svæði sem í daglegu tali er kallað *Kvosin* og er elsti hluti borgarinnar. Einnig nefnist kjarni þessa svæðis *Miðbærinn*, en á síðustu árum hefur hann stækkað og nær nú langt út fyrir *Kvosina*. Orðið kvos þýdir dalverpi eða þróngur bolli í landslagi og í Reykjavík hefur orðið verið notað um svæðið milli Landakotsholts og Skólavörðuholts. Að norðan nær *Kvosin* að höfninni en að *Tjörninni* að sunnan. Þeir höfundar sem fjallað hafa um þetta svæði í gegnum tíðina nota heitin *Kvosin* og *Miðbærinn* jöfnum höndum.<sup>1</sup> Reiturinn, sem hér um ræðir, afmarkast af Aðalstræti, Vallarstræti, Thorvaldsensstræti og Kirkustræti en þetta svæði tilheyrir *Kvosinni*.



Hluti af korti af Reykjavík frá 1836 eftir Victor Lottin.<sup>2</sup>

### Húsagerð og aldur

Í þessari húsakönnun er gerð grein fyrir húsum sem skráð eru undir fimm húsúmerum. Í tveimur tilvikum hefur verið byggt við þau þannig að í raun er hægt að tala um átta einstök hús. En þar sem ekki er fjallað um viðbyggingsar sem sérstök hús í húsaskrá Minjasafns Reykjavíkur eru þær felldar undir umfjöllun elsta hússins á viðkomandi lóð. Að upphaflegri gerð eru fimm húsanna steinsteypt og eru þá meðtaldar

<sup>1</sup> Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: *Kvosin*, bls. 10-11.

<sup>2</sup> Reykjavík 1836, Victor Lottin, MsR-Ábs.

viðbyggingarnar þrjár en þrjú húsanna eru úr timburbindingi. Þrjú húsanna eru tvílyft að upphaflegri gerð en tvö einlyft, eitt fjórlyft og tvö eru fimmlyft.

Elsta húsið á reitnum er Thorvaldsensstræti 2 sem byggt var árið 1878.

Næstelsta húsið er frá svipuðum tíma en það er Aðalstræti 7 sem var byggt árið 1881.

Þriðja elsta húsið er síðan Vallarstræti 4 sem byggt var árið 1884. Næst var byggt á reitnum árið 1931 en það var hús *Landssímans* við Thorvaldsensstræti 4. Tvær viðbyggingar voru reistar á lóð *Landssímans*, sú fyrri árið 1955 og sú síðari á árunum 1966–67. Einnig var reist viðbygging við Thorvaldsensstræti 2 árið 1946. Yngsta húsið í þessari könnun er Aðalstræti 9 byggt árið 1972.

Ýmis stíleinkenni er að finna á þeim reit sem hér er kannaður. Fyrst ber að nefna timburhús með nýklassiku sniði, Thorvaldsensstræti 2, eftir Helga Helgason smið og tónskáld (1848–1922). Einkenni nýklassískra húsa eru helst þau að þau eru flest tvílyft með lágreistu þaki og miðjukvisti á framhlið. Einnig bera þau klassískt skraut eins og bjóra yfir gluggum og hurðum, flatsúlur á hornum og útsagað skraut við gafla. Veggir eru jafnan klæddir málúðu listaþili og þökin klædd skífum.<sup>3</sup> Helgi Helgason var einn helsti frumkvöðull nýklassískrar timburhúsagerðar og setti sterkan svip á íslenska húsagerð í Reykjavík á seinasta fjórðungi 19. aldar. Auk *Kvennaskólans* við Thorvaldsensstræti 2 byggði Helgi einnig *Amtmannshúsið* við Ingólfssstræti 9, Þingholtsstræti 3, 11, 12, 14, 25 og verslunarhús við Pósthússtræti 2. Hús Helga virðast hafa borið sterkari sameiginleg einkenni en hús annarra smiða frá þessum tíma og eru þau auðþekkt. Helgi flutti til Vesturheims árið 1902 og má það furðu sæta hve miklu hann kom í verk á sviði húsbygginga þegar þess er gætt að hann stundaði jafnframt skipa- og brúarsmíði, var í byggingarnefnd bæjarins, gegndi embætti slökkviliðsstjóra, félkst við verslun og útgerð, var virkur í félagsmálum iðnaðarmanna og sinnti tónleikahaldi og tónsmíðum.<sup>4</sup> Þegar byggt var við Thorvaldsensstræti 2 árið 1946 var um að ræða einfalt steinsteypuhús.



Thorvaldsensstræti 2 og stytta Bertels Thorvaldsens.<sup>5</sup>

<sup>3</sup> Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: *Kvosin*, bls. 289 – *Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna*, bls. 107.

<sup>4</sup> Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: *Kvosin*, bls. 290 – Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingarárfleið I*, bls. 140 og 147.

<sup>5</sup> Þjóðminjasafn Íslands, SEY 603.

Aðalstræti 7 er góður fulltrúi hinna einföldu bárujárnhúsa sem var og er enn að finna víða í Reykjavík. Einkenni þeirra er að þau eru lítil, lágreist, laus við allt skraut og einföld að frágangi. Algengt var líka að byggt væri við þau.<sup>6</sup> Húsið að Vallastræti 4 er að upplagi einfalt bárujárnhús en eftir því sem húsið var hækkað og stækkað fékk það yfir sig klassískara yfirbragð með sveitser-einkennum eins og sjá má á skrauti yfir gluggum og svöllum og flatsúlum á miðjukvisti.



Vallastræti 4 árið 1910. Talið að Stefán Eiríksson hafi skorið út gluggaskrautið sem er úr eik. Ljósm. Magnús Ólafsson.<sup>8</sup>



Aðalstræti 7 ca. árið 1910. Ljósm. óþekktur.<sup>7</sup>

Næstelsta húsið við Thorvaldsensstræti er *Landsímahúsið*, reist árið 1931 og teiknað af Guðjóni Samúelssyni. Það er byggt í léttum anda frönsku endurreisnarlistarinnar en myndi þó flokkast til húsa í nýklassískum stíl. Einkenni hans eru ýmsar klassískar útfærslur eins og bjórar yfir gluggum og hálfslúlur á veggjum og oft eru jarðhædir eða sökklar húsanna strikaðir til að líkja eftir steinhléöslum. Þök húsanna eru yfirleitt risþök eða valmaþök.<sup>9</sup> Guðjón notaði fyrirmyn dir úr franska endurreisnarstílnum við hönnun hússins en Versalafyrirmyndin svokallaða er yfirleitt mjög einföld með sínum lóðréttu og láréttu línum.<sup>10</sup> Árið 1955 var byggð vesturálma hússins eftir hugmyndum Guðjóns en þar lagði hann áherslu á sterkar lóðréttar línur.

Húsin númer 9 við Aðalstræti og viðbyggingin frá 1967 við *Landssímahúsið* tilheyra svokölluðum síðfúnksstíl. Síðfúnksstíllinn er framþróun fúnksstílsins sem barst til landsins um 1930. Þeir arkitektar sem fylgdu fúnksstefnunni voru hugsjónamenn sem vildu bæta þjóðfélagið með góðri hönnun og útrýma heilsuspíllandí húsnæði. Kenningin á bak við fúnksstefnuna er sú að formið leiði af hlutverki mannvirkisins eða


<sup>6</sup> Skrá yfir friðuð hús og hús í vörlu safna, bls. 112.

<sup>7</sup> Minjasafn Reykjavíkur - Árbæjarsafn, abs 10.222.

<sup>8</sup> Ljósmyndasafn Reykjavíkur, MAÓ 146 – Vinaminni, maí 1978, bls. 1.

<sup>9</sup> Skrá yfir friðuð hús og hús í vörlu safna, bls. 118.

<sup>10</sup> Íslenzk bygging, bls. 109



Reisugildi árið 1932. Hús *Landssímans* við *Austurvöll*.  
Ljósm. Magnús Ólafsson.<sup>11</sup>

„fúnksjón“ þess. Útlit húsnanna eigi því að endurspeglar notkun þeirra. Markmið fúnkísmana var að útrýma óþarfa skrauti og flúri og hafa hreinleika og nýtingu að leiðarljósi. Um og upp úr síðari heimsstyrjöld þróaðist fúnkísstíllinn yfir í áðurnefndan síðfúnkísstíl, það er fúnkíshúsin fengu á sig nýja mynd, þar sem helstu einkenni voru há og margbrotnari þök, smáruðugluggar og ýmis konar skraut. Þessi stílþróun átti ekki síst rætur sínar að rekja til frumkvöldla íslenskrar fúnkísstefnu, eins og arkitektanna Einars Sveinssonar og Gunnars H. Ólafssonar. Síðar, eða um 1960, breyttist stíllinn enn, þegar nýir arkitektar tóku til starfa hér á landi, einkum menntaðir í Þýskalandi. Flöt þök, stærri gluggar með stórum rúðum, beinar línrur og minna skraut einkenndi þessa þróun. Litir voru notaðir á sléttmúraða veggi, einkum grunnlitir og steiningin hvarf.<sup>12</sup>

## Breytingar

Af þeim húsum sem hér eru til umfjöllunar eru þrjú komin nokkuð til ára sinna enda byggð fyrir aldamótin 1900. Ytra byrði elsta hússins, Thorvaldsensstræti 2, hefur verið fært í upprunalegt horf. Stærð þess er óbreytt en byggður hefur verið við það inngönguskúr og klæðningu þess breytt. Einnig var reist viðbygging til vesturs árið 1946 en hún er að mestu óbreytt. Húsið að Aðalstræti 7 er að mestu óbreytt frá byggingu þess fyrir utan kvist á suðurhlíð hússins og nýja klæðningu. Húsið að Vallarstræti 4 hefur tekið talsverðum breytingum í áranna rás. Það hefur verið hækkað, settir á það kvistir og svalir og byggt aftan við það. *Landssímahúsið*, Thorvaldsensstræti 4, er að mestu óbreytt frá byggingu þess árið 1931 og það sama má segja um viðbyggingarnar tvær frá 1955 og 1967. Fyrir utan hið almenna viðhald á húsunum þá var viðbyggingin frá 1955 hækkuð um þakhæð árið 1989 og ný klæðning sett á viðbygginguna frá 1967. Húsið að Aðalstræti 9 var hækkað um þrjár hæðir árið 1993.

## Höfundar

Ekki er vitað um hönnuði húsnanna að Aðalstræti 7 og Vallarstræti 4. Öðru máli gegrnir um öll hin húsin. Helgi Helgason trésmiður hannaði húsið við Thorvaldsensstræti 2 og er það með bestu dænum um nýklassískt hús úr timbri og með sanni tímamótahús í íslenskri húsagerðarlist. Hörður Bjarnason arkitekt teiknaði viðbygginguna sem byggð var til vesturs árið 1946. Húsameistari ríkisins Guðjón Samúelsson teiknaði elsta hluta

<sup>11</sup> Ljósmyndasafn Reykjavíkur, MAÓ 329.

<sup>12</sup> Leiðsögn um íslenska byggingarlist, bls. 13-14 – Skrá yfir friðuð hús og hús í vörlu safna, bls. 123-124 – Íslensk byggingarlist, bls. 44-46.


*Landssímahússins* en Bárður Ísleifsson arkitekt teiknaði viðbygginguna frá 1955 eftir hugmyndum Guðjóns. Gísli Halldórsson arkitekt, Jósef Reynis arkitekt og Ólafur Júlíusson byggingarfræðingur gerðu viðbygginguna frá 1967 við Thorvaldsensstræti 4 og einnig húsið að Aðalstræti 9.

Ekki er vitað um höfunda að öllum þeim breytingum sem húsin hafa undirgengist í gegnum tíðina. Guðni Pálsson og Dagný Helgadóttir arkitektar teiknuðu hækjunina á Aðalstræti 9 og Jósef Reynis arkitekt er skrifaður fyrir helstu breytingum á húsum *Landssímans* við Austurvöll. Valgeir Björnsson arkitekt teiknaði inngönguskúrinn frá 1927 við Thorvaldsensstræti 2 og Gunnlaugur Pálsson arkitekt teiknaði breytingarnar á húsinu árið 1946 þegar það var mýrhúðað. Arkitektarnir Jón Ólafur Ólafsson og Sigurður Einarsson unnu að endurgerð Thorvaldsensstrætis 2 með upprunalegt útlit þess sem fyrirmund árið 1997. Lítið er vitað um höfunda að breytingum hússins að Vallastræti 4.

### Saga reitsins

Saga *Kvosarinnar* er nátengd sögu verslunar og stjórnsýslu í Reykjavík. Þar stóðu fyrstu verslunarhús hins nýja kaupstaðar árið 1786. Á þessu svæði voru fyrstu opinberu stofnanirnar og embættin staðsett, t.d. *Landsfírréttur* og *Prestaskólinn*. Þar bjuggu embættismenn, svo sem prestar, biskupar og kennarar við *Menntaskólan* og *Prestaskólan* en kaupmenn settust ekki að í hverfinu að neinu ráði fyrr en síðar. Í *Kvosinni* eru margar merkustu söguminjar borgarinnar og má þar lesa sögu Reykjavíkur í húsum. Þar eru hús frá elstu tíð og önnur yngri sem minna á nýjungar í byggingarlist allt til dagsins í dag.

Ísland byrjaði að byggjast frá Noregi á 9. öld. Samkvæmt hefðbundinni söguskoðun og þeim skriflegu miðaldaheimildum sem til eru nam Ingólfur Arnarson fyrstur manna land á Íslandi. Hann setti skála sinn úr timbri, torfi og grjóti niður við núverandi Aðalstræti í Reykjavík um 870 og er það talinn fyrsti fasti bústaður manna á Íslandi. Aðalstræti er elsta gata Reykjavíkur og jafnframt landsins. Upphaflega var hún aðeins stígur frá bæjarhúsum landnámsmanna niður í *Grófina*. Fornleifarannsóknir við Aðalstræti og Suðurgötu, þar sem bær Ingólfss og konu hans Hallveigar er talinn hafa staðið, hafa leitt í ljós mannvistarleifar frá því nokkru fyrir 900 og styrkja þær ótvíraett trúverðugleika ritaðra heimilda.



Upphaf Aðalsstrætis. Hluti af korti af kaupstaðarlóðinni frá 1787.<sup>13</sup>

<sup>13</sup> Kaupstaðarlóðin 1787, Rasmus Lievog, Þjóðskjalasafn.

Ekki er í raun hægt að tala um stíg þennan sem götu fyrr en hús *Innréttингanna* voru reist við hann skömmu eftir 1750. Með kaupauðgissstefnunni á 17. og 18. öld vaknaði áhugi víða um Evrópu á að auka sem mest framfarir með því að koma upp innlendum iðnaði og efla aðra atvinnuvegi. Danska konungsvaldið studdi þá stefnu á Íslandi með því að styrkja stofnun hlutafélags um íslenskt iðnaðarfyrirtæki, svokallaðar *Innréttингar*. Konungsjarðirnar Reykjavík og Örfirisey voru meðal annars lagðar til fyrirtækisins. Ullariðnaði var komið á laggirnar í Reykjavík og hófust framkvæmdir vorið 1752. Þá reis röð timburhúsa beggja vegna Aðalstrætis, hinnar gömlu sjávargötu Reykjavíkurbóndans. Vestan við götuna stóðu verksmiðjuhús *Innréttингanna* en austan við hana íbúðarhús forstjórans. Eftir 1767 fór starfsfólk *Innréttингanna* fækkandi vegna tapreksturs og ýmis konar erfiðleika. Lengst var unnið við ullariðnað og stóð sú starfsemi fram yfir aldamótin 1800.<sup>14</sup>

Versluninni í Reykjavík óx fiskur um hrygg er Reykjavík öðlaðist kaupstaðar-rettindi 1786 og einokunarverslunin var afnumin 1788. Kaupmenn byggðu pakkhus sín og verslanir við Aðalstræti og Hafnarstræti og Reykjavík varð brátt einn aðalverslunar-staður landsins. Fyrsta verslunarhúsið í Reykjavík var *Sunchenbergshús* á horni Aðalstrætis og Vesturgötu, reist um 1780. Það var rifið árið 1855.<sup>15</sup>

Reykjavík varð smám saman höfuðstaður landsins og þangað færðust helstu stofnanir þjóðarinnar, Alþingi og biskupsstóllinn. Í Aðalstræti bjuggu margir helstu embættismennirnir eins og til dæmis Þórður Jónassen sem bjó í Aðalstræti 6 árið 1844, en hann gegndi meðal annars embætti stiftamtmanns, dómsstjóra í *Landsyfírrétti* og konungskjörins þingmanns.<sup>16</sup> Í Aðalstræti 9 flutti Thomas Klog landlæknir skömmu eftir aldamót 1800, en hann var fyrsti læknirinn sem búsettur var í Reykjavík. Síðar bjuggu í húsinu dómkirkjuprestar Reykvíkinga, þeir Brynjólfur Sigurðsson og Gunnlaugur Oddsen, en árið 1830 keypti landsstjórnin húsið með það fyrir augum að þar yrðu skrifstofa og embættisbústaður bæjar- og landfógeta. Húsið var rifið 1902<sup>17</sup>. Í Aðalstræti 10 fluttist árið 1807 Geir Vídalín biskup og var það síðan lengi kallað *Biskupsstofan*. Áður hafði biskup búið í Skálholti.<sup>18</sup> Í Aðalstræti 16 var íbúð landfógeta og síðar heimili og skrifstofa lands- og bæjarfógeta á árunum 1796–1830. Þar var síðar starfræktur barnaskóli um hríð. Eftir skólann fluttist í húsið Jón Guðmundsson alþingismaður og ritstjóri.<sup>19</sup>

Eitt helsta vatnsból miðbæjarins um langan aldur stóð við Aðalstræti 9. Í upphafi var þessi brunnur kallaður *Ingólfssbrunnur* en þegar *Landsprentsmiðjan* var flutt úr Viðey í Aðalstræti 9, *Bergmannsstofu*, árið 1844 var hann kallaður *Prentsmiðjupóstur*. Fólk safnaðist saman við brunnnin og skiptist á fréttum. Má segja að hann hafi verið ein helsta fréttapappspretta bæjarins.<sup>20</sup> Við byggingu núverandi húss á lóð Aðalstrætis 9 var vesturveggur kjallarans dreginn inn þar sem brunnurinn er, svo hann rækist ekki á hann, en kjallari nýbyggingarinnar nær út undir gangstétt.

Ýmis starfsemi hefur verið á þeim reit sem hér er til umfjöllunar. Kirkja Reykvíkinga frá því fyrir 1200 og fram til 1798 stóð hér, sem og kirkjugarður bæjarins fram til 1839. Forstjóri *Innréttингanna* hafði einnig aðsetur sitt á reitnum meðan sú starfsemi var við lýði. Mestalla 19. öldina voru íbúðar- og verslunarhús á svæðinu og bjuggu þar kaupmenn, embættismenn og fjölskyldur þeirra. Prentsmiðja var rekin á svæðinu frá 1844–1866 og *Kvennaskólinn* tók þar til starfa árið 1874. Einnig hefur verið starfrækt hótel á reitnum og ýmis veitingarekstur. Í Vallarstræti 4 var starfrækt

<sup>14</sup> Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: *Kvosin*, bls. 29 og 39 – Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur*, fyrri hluti, bls. 117-128.

<sup>15</sup> Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: *Kvosin*, bls. 67.

<sup>16</sup> Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: *Kvosin*, bls. 70.


<sup>17</sup> Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls. 13-14.

<sup>18</sup> Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: *Kvosin*, bls. 75.

<sup>19</sup> Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: *Kvosin*, bls. 80-83.

<sup>20</sup> Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur*, fyrri hluti, bls. 270.

kaffihús um skeið en bakarí þeim mun lengur eða frá því fyrir aldamótin 1900 og fram á níunda áratug 20. aldar. Um 1935 var hluta hússins breytt í hótel, *Hôtel Vik*, og var það rekið fram undir 1970 í húsinu. Matsölustaður var lengi í Aðalstræti 9 og í Thorvaldsensstræti 2 hefur verið skemmtistaður og er enn. Eitt stærsta fyrirtækið sem hefur haft aðsetur á reitnum er *Landssíminn*, síðar *Póstur og sími*, sem hefur verið þarna frá 1932. Nú á síðustu árum hefur fyrirtækið verið að flytja starfsemi sína í Ármúla. Í dag (2005) eru einkum skrifstofur og ýmis verslunarrekstur í þeim húsum sem hér eru könnuð. Alls býr 31 einstaklingur á reitnum árið 2005.



*Hôtel Vik, Vallarstræti 4.*<sup>21</sup>

## Víkurkirkja og kirkjugarður

Svipmót Aðalstrætis breyttist lítið fyrr en undir aldamótin 1900 með því að gömlu *Innréttингahúsin* voru þá tekin að týna tölunni og háreistari byggingar komu í kjölfarið. Mannlíf við Aðalstræti var lengi blómlegt, en lifendur voru ekki eingöngu áberandi við götuna því þar stóð lengi kirkjugarður bæjarins ásamt *Víkurkirkju*.

*Víkurkirkju* er fyrst getið í kirknatali Páls biskups Jónssonar frá því um 1200 en elsti máltagi hennar er frá árinu 1379. Kirkjan var helguð Jóhannesi postula. Gamla *Víkurkirkjan* stóð þar sem nú er horn Aðalstrætis og Kirkjustrætis. Hún var aflögð árið 1796 og *Dómkirkjan* reist í staðinn, en gamla kirkjan jöfnuð við jörðu tveimur árum seinna. Hugmyndir voru upp um að byggja hina nýju dómkirkju utan um *Víkurkirkju* en þegar hafist var handa við grafa fyrir undirstöðum var komið niður á grafir þeirra sem höfðu látt úr bólusótt. Jón Sveinsson landlæknir lagðist harðlega gegn því að hreyft yrði við grófunum vegna smithættu. Sökum þessa var ákveðið að velja hinni nýju kirkju nýjan stað fyrir utan kirkjugarðinn.<sup>22</sup>

Kirkjugarðurinn var talinn fullnýttur um aldamótin 1800, um það leyti sem gamla *Víkurkirkjan* við Aðalstræti var aflögð. Ætla má að jarðneskar leifar 30 kynslóða Reykvíkinga hvíli í garðinum. Reykvíkingar fengu þó ekki nýjan kirkjugarð fyrr en árið 1839 með tilkomu garðsins við Suðurgötu en fram að þeim tíma var enn notast við *Víkurkirkjugarð*. Upp úr 1883 var gamla kirkjugarðinum breytt í skrúðgarð að undirlagi Georgs Schierbecks landlæknis en hann fékk lóð undir íbúðarhús norðan við garðinn er varð Aðalstræti 11. Bæjarbúar voru nú ekki á eitt sáttir um að Schierbeck skyldi fá garðinn til umráða þar sem ekki voru liðin nema 40 ár síðan þar hafði síðast verið

<sup>21</sup> Mynd framan á bæklingi um hótelið frá 1968. Myndin teiknuð 1964 af Halldóri Péturssyni.

<sup>22</sup> Árni Óla: *Reykjavík fyrri tíma*, fyrsta bindi, bls. 235-242 – Guðny Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: *Kvosin*, bls. 27-29

jarðsett. Haldinn var borgarafundur í mótmælaskyni en það breytti litlu. Schierbeck ræktaði ýmsar jurtir og tré í garðinum og enn standa tré sem hann gróðursetti. Hann var einn af frumkvöðlum garðyrkju og trjáræktar í Reykjavík og einn af stofnendum *Hins íslenska garðyrkjufélags* árið 1885. Minnisvarði um Georg Schierbeck var reistur í garðinum árið 1986 og er hann eftir Helga Gíslason.<sup>23</sup>



Aðalstræti 11 og skrúðgarður Schierbecks.<sup>24</sup>

Á undanförnum árum hefur garðurinn verið endurskipulagður. Hann er nú að mestu hellulagður og með upphækkuðum beðum. Í garðinum stendur stytta af Skúla fógeta eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal. Skúli hefur oft verið kallaður „*faðir Reykjavíkur*“ en hann stofnaði *Innréttингarnar* sem marka upphaf þéttbýlis í Reykjavík árið 1752. Verslunarmannafélag Reykjavíkur gaf borginni styttna árið 1954 til minningar um 100 ára frjálsa verslun á Íslandi. Eftir því sem best er vitað þá er engin samtíðarmynd til af Skúla og þurfti Guðmundur að styðjast við ímyndunaraflid og skrifaaðar heimildir við gerð styttnar. Á sínum tíma var stytta gagnrýnd fyrir klæðaburð fógetans og einnig þótti hann of herðabreiður.<sup>25</sup> Þegar grafið var fyrir stöplinum undir styttna var komið niður á grjóthleðslu og mótaði fyrir dyrum sem sneru til suðurs. Að öllum líkindum hefur verið um hliðardyr *Vikurkirkju* að ræða.<sup>26</sup> Árið 2000 var reistur minnisvarði um *Vikurkirkjugarð* og *Vikurkirkju* í tengslum við 1000 ára Kristnitökuafmælið sama ár. Skipulagsnefnd kirkjugarðanna átti frumkvæðið og kostaði verkið en Páll Guðmundsson frá Húsafelli gerði minnisvarðan. Verkið sýnir fólk ganga til kirkju.<sup>27</sup>

<sup>23</sup> Árni Óla: *Reykjavík fyrri tíma*, þriðja bindi, bls. 430-434 – Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: *Kvosin*, bls. 85 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi, bls. 86-87 – Nanna Hermansson: *Kvosin milli Aðalstrætis og Austurvallar*, bls. 10.

<sup>24</sup> Þjóðminjasafn Íslands, SEY 398.

<sup>25</sup> *Styttur bæjarins, vegvísir um Reykjavík*.

<sup>26</sup> Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi, bls. 86.

<sup>27</sup> *Styttur bæjarins, vegvísir um Reykjavík*.



Skúli fógeti og minnisvarði um Víkurkirkju. Janúar 2005.

## Austurvöllur

Húsin við Thorvaldsensstræti snúa framhliðinni að *Austurvelli* en hann var hluti af túni Víkurbæjar og náði frá Aðalstræti að læknum og frá sjónum í norðri að Tjörninni í suðri. Í dag (2005) er *Austurvöllur* um sjötti hluti þess sem hann var talinn við stofnun kaupstaðarins. Grasnyt af vellinum hafði forstjóri *Innréttингanna* fram til ársins 1792 en þá var henni skipt á milli kaupstaðarins og *Innréttингanna*. Það sem kom í veg fyrir að byggt væri á vellinum var hve votlendur og dældóttur hann var. Ferðamenn tóku snemma að tjalda á vellinum þegar þeir komu í verslunarferð til Reykjavíkur. Lítið var gert fyrir þetta svæði nema að formlegt bann var sett við ösku- og sorplosun á því árið 1806. Árið 1874 færði bæjarstjórn Kaupmannahafnar Reykvíkingum stytta eftir Bertel Thorvaldsen (sjálfsmynd). Bæjarstjórninni kom sér saman um að stytta þessi mynda sóma sér best á miðju *Austurvallar* og sumarið 1875 var hafist handa við endurbætur á vellinum. Völlurinn var girtur, sléttadur og tyrfður og gerðir um hann gangstígar. Stytta var síðan afhjúpuð með viðhöfn á afmæli listamannsins þann 19. nóvember 1875 en þetta var fyrsta stytta sem sett var upp í Reykjavík. Árið 1930 var girðingin



Reiptog á *Austurvelli* ca. 1905–1915. Húsin Thorvaldsensstræti 2 og 4 í baksýn.  
Ljósm. Magnús Ólafsson.<sup>28</sup>

<sup>28</sup> Ljósmyndasafn Reykjavíkur, MAÓ 19.

tekin niður og völlurinn opnaður. Ári síðar var stytta Jóns Sigurðssonar flutt á *Austurvöll* og sett upp í stað stytta Bertels Thorvaldsens, en hún var flutt í *Hljómskálagarðinn*. Einar Jónsson gerði styttna af Jóni og var hún fyrst afhjúpuð fyrir framan *Stjórnarráðið* árið 1911. Þegar hún var flutt á *Austurvöll* gerði Guðjón Samúelsson fótstall undir hana og má sjá þar eitt hið fyrst dæmi um hinn nýja hamrastíl sem Guðjón var að þróa. Lágmyndin *Brautryðjandinn* prýðir fótstallinn og er hún einnig eftir Einar Jónsson.<sup>29</sup>

Margs konar skemmtanir hafa farið fram á *Austurvelli* í gegnum tíðina. Á fyrstu ártugum 20. aldar var oft gert skautasvell á vellinum að vetrarlagi. Einnig var haldið þar upp á þjóðhátíðarárið 1874, afmæli kaupstaðarins 1886, 1000 ára hátíð Alþingis 1930 og aldamótakvöldið 1900.<sup>30</sup>

## Horfin hús

Ekki er í öllum tilfellum um að ræða fyrstu kynslóða húsa á því svæði sem hér er til umfjöllunar. Fyrsta hús á lóð Aðalstræti 7 var fjós *Innréttингanna*, reist árið 1759. Fjósið stóð norðan við íbúðarhús forstjórans að Aðalstræti 9 og tilheyrði því húsi. Bæði fjósið og íbúðarhúsið var selt konungssjóði sem landfógetabústaður en árið 1846 bað bæjarfógeti um að fjósið yrði bætt eða rifið og var síðari kosturinn valinn. Íbúðarhús forstjóra *Innréttингanna* var að jafnaði kallað *Bergmannsstofa* og fjósið *Bergmannsfjós*. Fjósið tilheyrði einnig um skeið biskupi og var þá nefnt *Biskupsfjós*. Eftir að fjósið var rifið var byggt geymsluhús á lóðinni sem tilheyrði prentsmeðjunni, Aðalstræti 9. Árið 1881 byggðu frændurnir Jón Vídalín konsúll og Páll Eggerz kaupmaður núverandi hús á lóðinni og var húsið gjarnan nefnt *Fraendahúsið* eða *Fraendaverslunin*. Árið 1901 var virt geymsluhús á lóðinni sem tilheyrði Aðalstræti 7.<sup>31</sup> Það stóð upp við húsið Vallarstræti 4 og var rifið árið 1992 til að opna betur fyrir gangandi umferð á milli *Vikirkirkjugarðs* og *Ingólfstorgs*.



Aðalstræti 9, *Braunsverslun*. Myndin er tekin 1920–1930. Ljósm. Magnús Ólafsson.<sup>32</sup>

Fyrsta hús á lóðinni Aðalstræti 9 var eins og áður segir íbúðarhús forstjóra *Innréttингanna*. Það var reist á árunum 1756–1757. Árið 1797 eignuðust Runólfur Klementsson og Þorkell Bergmann kaupmaður húsið og var húsið kennt við þann síðarnefnda eins og áður er greint frá. Árið 1844 var prentsmeðja landsins flutt í húsið úr

<sup>29</sup> Árni Óla: *Reykjavík fyrri tíma*, fyrsta bindi, bls. 382-387 – *Íslensk bygging*, bls. 45 – Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 1. bindi, 59-64 – Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur*, seinni hluti, bls. 285.

<sup>30</sup> Árni Óla: *Reykjavík fyrri tíma*, fyrsta bindi, bls. 388-389.

<sup>31</sup> Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: *Kvosin*, bls. 88 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls. 12 – Nanna Hermansson: *Kvosin milli Aðalstrætis og Austurvallar*, bls. 17.

<sup>32</sup> Ljósmyndasafn Reykjavíkur, MAÓ 2547.

Viðey en þegar ákveðið var að endurreisa Alþingi í Reykjavík þótti nauðsynlegt að greiður aðgangur væri að prentsmiðju til að prenta *Alþingistíðindi*. Prentsmiðjan var rekin í húsinu til ársins 1886 og var síðustu 10 árin í einkaeigu. Húsið var rifið árið 1902 og nýtt tvílyft timburhús reist í stað þess. Það var notað til íbúðar og í því var einnig verslun, lengst af *Braunsverslun*. Viðbygging var reist norðan við húsið og var þar lengi matsölustaður, seinast *Gildaskálinn*. Árið 1967 kom upp eldur í húsinu Aðalstræti 9 og skemmdist það mikið. Það stóð autt í rúmt ár þar til það var rifið. Árið 1969 var hafist handa við byggingu núverandi húss á lóðinni.<sup>33</sup>

Árið 1972 voru lóðirnar Thorvaldsensstræti 2, 4 og 6 og Aðalstræti 11 sameinaðar í eina lóð sem skráð var: Lóð Pósts og síma v/Austurvöll. Hér verður fjallað um þau hús sem stóðu áður á þessum lóðum.

Á lóð Aðalstrætis 11 byggði Georg Schierbeck landlæknir íbúðarhús árið 1883 en hann hafði eins og áður greinir frá fengið að gera skrúðgarð úr gamla *Víkurkirkjugarði*. Þetta var einlyft timburhús með risi og útbyggingu á suðurhliðinni og stórum kvisti. Hús þetta var eflaust eitt hið fyrsta í Reykjavík sem byggt var með hinu svokallaða svissneska lagi. Halldór Danielsson bæjarfógeti eignaðist húsið árið 1893 og var það í eigu erfingja hans fram til ársins 1940. Halldór fékk leyfi fyrir tvílyftum steinsteypuskúr á bak við húsið árið 1921 og öðrum kvisti á suðurhliðinni árið 1930. Þar sem Halldór var bæjarfógeti voru skriftstofur embættisins í húsinu fram til ársins 1908 er nýstofnað borgarstjóraembætti tók við. Fjölskylda Halldórs hélt áfram ræktun skrúðgarðs Schierbecks landlæknis og var hann þá nefndur *Bæjarfógetagarðurinn*. Húsið var rifið árið 1952 og ný viðbygging við *Landssímahúsið* byggð.<sup>34</sup>



Aðalstræti 11 og gamli kirkjugarðurinn árið 1916. Ljósmynd Magnús Ólafsson.<sup>35</sup>

Fyrsta hús á lóðinni Thorvaldsensstræti 2 var reist árið 1835 af Hannesi St. Johnsen kaupmanni. Hús Hannesar var grindarhús þar sem plankar voru settir í grindina. Það var klætt heflaðri listasúð en veggirnir voru málaðir. Framhlið hússins sneri að

<sup>33</sup> Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: *Kvosin*, bls. 86-87 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls. 13-14 – Nanna Hermansson: *Kvosin milli Aðalstrætis og Austurvallar*, bls. 19-21 – Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur*, seinni hluti, bls. 72.

<sup>34</sup> Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: *Kvosin*, bls. 85 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 2. bindi, bls. 86-87 – Nanna Hermansson: *Kvosin milli Aðalstrætis og Austurvallar*, bls. 23.

<sup>35</sup> Ljósmyndasafn Reykjavíkur, MAÓ 30.

Austurvelli en norðurgaflinn að Vallarstræti. Páll Melsteð eignaðist húsið árið 1846 en kona hans Thora Grímsdóttir stofnaði ásamt fleiri konum *Kvennaskólan* í Reykjavík árið 1874 og var skólinn til húsa í Thorvaldsensstræti 2. Thora og Páll rifu húsið árið 1878 og byggðu núverandi hús á lóðinni.<sup>36</sup>

Á lóð Thorvaldsensstrætis 4 var fyrst reist hús árið 1848. Það var íbúðarhús Edvards Siemsens faktors. Húsið var einlyft bindingshús, klætt borðum og með helluþaki. Við norðurhlíð hússins var geymsluhús. Árið 1855 keypti Bjarni Thorsteinsson amtmáður húsið og bjó fjölskylda hans í húsinu fram yfir 1920. Sonur Bjarna, Steingrímur Thorsteinsson skáld og kennari létt hækka húsið árið 1886 og voru þá íbúðarhúsið og geymsluhúsið byggð saman í eitt. Húsið var rifið árið 1930 til að rýma fyrir *Landssímahúsinu*.<sup>37</sup>



Thorvaldsensstræti 2, 4 og 6 um 1910–1920. Ljósm. Magnús Ólafsson.<sup>38</sup>

Oddur Thorarensen lyfsali fékk lóð við Thorvaldsensstræti 6 árið 1833 og reisti þar íbúðarhús og lyfjabúð. Eftir það var Lyfjabúð Reykjavíkur rekin við *Austurvöll* í um 100 ár í þessu húsi. Hús Odds var einlyft bindingshús með gaflsneiddu risi, borðaklætt og með borðaþaki. Framhlið þessi sneri að *Austurvelli*. Árið 1855 var settur kvistur á austurhlíð hússins, þakið klætt með hellu og inngönguskúr byggður við húsið. Árið 1881 var byggð einlyft viðbygging með flötu þaki norðan við húsið. Til skrauts voru settar á viðbygginguna tvær lágmyndir Bertels Thorvaldsen, *Dagur* og *Nótt*. Á þakinu voru tvö eirlíkneski eftir Thorvaldsen af *Hebu*, gyðju æsku og þjónustu, og *Asklepios*, guði lyfja og lækninga. Árið 1930 flutti Reykjavíkurapótek yfir í Austurstræti 16 en *Landsíminn* keypti húsin við Thorvaldsensstræti 6. Húsið var rifið árið 1960 til að rýma fyrir nýrrri viðbyggingu *Pósts og síma*.<sup>39</sup>

<sup>36</sup> Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: *Kvosin*, bls. 175-176 – Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 3. bindi, bls. 111.

<sup>37</sup> Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: *Kvosin*, bls. 173 – Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 3. bindi, bls. 112.

<sup>38</sup> Ljósmyndasafn Reykjavíkur, MAÓ 41.


<sup>39</sup> Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: *Kvosin*, bls. 177-178 – Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 3. bindi, bls. 112-113.



Lyfjabúðin á horni Thorvaldsensstrætis og Kirkjustrætis.<sup>40</sup>

### Skipulagshugmyndir.

Á reitnum sem hér hefur verið til umfjöllunar má sjá mismunandi skipulagshugmyndir sem hafa verið við lýði í Reykjavík í gegnum tíðina. Elstu húsin á reitnum voru byggð á þeim tíma þegar fjöldi fólks flutti til Reykjavíkur af landsbyggðinni og *Kvosin*, *Grjótahorpið* og neðsti hluti *Pingholtanna* byggðist. Þetta var á árunum 1880 til 1910 þegar Reykjavík var að verða helsta verslunar- og fiskihöfn landsins.




Reiturinn á korti frá 1902.<sup>41</sup>

Þegar þessi uppbygging átti sér stað var ekki farið eftir neinu fastmótuðu skipulagi og það var ekki fyrr en árið 1927 að vinna við fyrsta heildarskipulag fyrir Reykjavík hófst. Skipulagið var samþykkt í bæjarstjórn árið 1927 og náði til svæðisins

<sup>40</sup> Þjóðminjasafn Íslands, SEY 605.

<sup>41</sup> Reykjavík 1902, kort Landmælingadeildar herforingjaráðsins í Kaupmannahöfn, MsR-Ábs.

innan Hringbrautar (það er núverandi Ánanausta, Hringbrautar, Þorfinnsgötu og Snorrabrautar) og Skúlagötu og gerði ráð fyrir samfelldum röðum tveggja og þriggja hæða steinhúsa meðfram flestum götum, víða með stóru aflokuðu svæði í miðju húsareitanna. Slík skipulagsgerð er nefnd blokkbygging eða randbyggð og þekkist meðal annars frá Kaupmannahöfn og Berlín. Hús þessi voru einskonar forverar blokkanna sem síðar var farið að byggja. Voru menn sammála um að húsnæði sem þetta væri hagkvæmast í byggingu og myndi henta vel efnalitlu fólki. Skipulagið frá 1927 var fellt úr gildi árið 1933.<sup>42</sup>




Hluti af skipulagsuppdrættinum frá 1927.<sup>43</sup>

Þegar skipulagið frá 1927 er skoðað má sjá að samkvæmt því áttu flest öll timburhús í miðborginni að víkja fyrir samfelldum röðum tví-, þrí- eða fjórlyftra steinhúsa. Þessi endurnýjun gekk hægar en menn gerðu ráð fyrir og fyrir vikið státar borgin enn af húsum frá frumbernsku sinni. Hugmyndir um niðurrif gamalla húsa í miðbænum voru enn á teikniborðinu í aðalskipulagi Reykjavíkur frá 1962–1983. Samkvæmt því áttu eldri hús að hverfa til að skapa svigrúm fyrir nýbyggingar og umferðarmannvirki.<sup>44</sup> Aukinn áhugi á verndun gamalla húsa og breytt viðhorf í þjóðfélaginu á 8. áratugnum kom í veg fyrir áætlanir um niðurrif og endurnýjun í miðbænum.

<sup>42</sup> Páll Líndal: *Bærinnir byggjast*, bls. 186-188 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*, síðari hluti, bls. 113, 117-118 – Trausti Valsson: *Reykjavík. Vaxtarbroddur*, bls. 42-43 – *Leiðsögn um íslenska byggingarlist*, bls. 22

<sup>43</sup> Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*, síðari hluti, bls. 108.

<sup>44</sup> *Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-1983*, bls. 147-153.



Fyrirhuguð byggð við Aðalstræti samkvæmt aðalskipulagi 1962–1983.<sup>45</sup>

Á því svæði sem hér er til umfjöllunar má finna hús frá timburhúsatímabili gömlu Reykjavíkur sem og hærri steinhús í ýmsum stílgerðum sem áttu að mynda hluta af samfelldri byggð samkvæmt skipulagstillögum frá tímabilinu 1927–1980.

### Nafngiftir gatnanna

Nafngiftir gatnanna sem hér um ræðir eiga víða rætur að rekja.

### Aðalstræti

Aðalstræti er elsta gata Reykjavíkur. Árið 1848 fékk Aðalstræti heiti sitt formlega, en áður hafði gatan verið nefnd *Hovedgaden*, síðar *Adelgaden* og loks *Klubbgatan* (Klúbbgatan) að dönskum sið.<sup>46</sup>

### Kirkjustræti

Gatan er kennd við *Dómkirkjuna*. Hún var í fyrstu nefnd *Kirkjubrú* og var þá stígur frá Aðalstræti, fyrir sunnan kirkjuna, austur yfir læk að *Stöðlakoti*. Núverandi stefna götunnar var ákveðin árið 1853. Eftir það lá hún í beinni línu meðfram skíðgarði *Dómkirkjunnar* og gafli lyfjabúðarinnar, Thorvaldsensstræti 6. Hennar var fyrst getið í manntali árið 1888.<sup>47</sup>

### Thorvaldsensstræti

Þann 19. nóvember 1875 var afhjúpuð stytta Bertels Thorvaldsens á *Austurvelli*. Þótti þá við hæfi að nefna stíg þann sem var vestan við völlinn eftir listamanninum en áður höfðu húsin verið talin við *Austurvöll*. Götunnar var fyrst getið í manntali árið 1887.<sup>48</sup>

### Vallarstræti

Vallarstræti er kennit við *Austurvöll*. Í upphafi var gatan aðeins sund á milli vöruhúss *Sunchenbergsverslunar*, Austurstrætis 2, og fjóss *Innréttninganna*, Aðalstrætis 7. Um tíma var gatan kölluð *Kæmnergade* vegna þess að bæjargjaldkerinn rak verslun í Austurstræti 4/Veltusundi 3 (kæmner: bæjargjaldkeri). Vallarstræti var framlengt að Pósthússtræti laust fyrir miðja 19. öld. Götunnar er fyrst getið í manntali árið 1855.<sup>49</sup>

<sup>45</sup> Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-1983, bls. 151.

<sup>46</sup> Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls. 8.

<sup>47</sup> Árni Óla: „Nafngiftir gatna“, bls. 334 – Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 1.bindi, bls. 90.

<sup>48</sup> Árni Óla: „Nafngiftir gatna“, bls. 339 – Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 3. bindi, bls.111

<sup>49</sup> Árni Óla: „Nafngiftir gatna“, bls. 340 – Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 3. bindi, bls.134

## Varðveislumat

Við mat á varðveislugildi byggðar er beitt svokallaðri SAVE–aðferð (Survey of Architectural Value in the Environment) sem gerð er grein fyrir í ritinu *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana*, útgefnu af Húsafríðunarnefnd ríkisins 1996. Þar er höfð til hliðsjónar dönsk SAVE–aðferð, þar sem lagt er mat á fjóra þætti: *Listrænt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð. Varðveislugildi húsa* byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur sem gefin var út sem þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996–2016, *Húsvernd i Reykjavík, svæðið innan Snorrabrautar/Hringbrautar*.

Til umfjöllunar er staðgreinireiturinn **1.140.4** sem afmarkast af Aðalstræti, Vallarstræti, Thorvaldsensstræti og Kirkjustræti.

Á þessum reit eru ekki gerðar neinar breytingar á verndunarflokkum húsa frá Húsverndarskrá Reykjavíkur.

## HÚSVERNDARSKRÁ REYKJAVÍKUR

Varðveislumat húsa á ofangreindum staðgreinireit:

**RAUDUR FLOKKUR:** Hús sem huga ber að friðun á.

**Thorvaldsensstræti 2:** Byggt sem hluti af umgjörð Austurvallar. Með bestu dænum um nýklassískt hús úr timbri.

**Lagt er til að þetta hús verði friðað.**

**DÖKKGULUR FLOKKUR:** Verndun götumynda, húsaraða og húsa með umhverfislegt gildi.

**Aðalstræti 7:** Húsið myndar ásamt öðrum timburhúsum við Ingólfstorg heilsteypta umgjörð um torgið, Hafnarstræti 1-3 og Aðalstræti 2.

**Vallarstræti 4:** Húsið myndar ásamt öðrum timburhúsum við Ingólfstorg, Austurstræti 3 og 4 og Veltusundi 3, heilsteypta umgjörð um torgið, ásamt Hafnarstræti 1-3 og Aðalstræti 2.

**GRÆNN FLOKKUR:** Verndun 20. aldar bygginga.

**Thorvaldsensstræti 4 (Landssímahúsið 1931):** Merk opinber bygging, teiknuð í sama stíl og Hótel Borg, handan Austurvallar.

**Fyrsti eigandi** Jón Vídalín konsúll og  
Páll Eggertz

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun**  
Íbúðarhús



#### Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, bindingur	Útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Klæðning	Timbur og járn	Ris	1901 Geymsla á lóð	ókunnur
Þakgerð	Mænisþak	Kjallari	1909 Kvistur	ókunnur
Þakklæðning	Bárujárn		Endurbætur	ókunnur
Undirstöður			1911 Hækjun (geymsla)	ókunnur

1944	Endurbætur(geymsl	ókunnur
1957	Endurbætur(geymsl	Gunnlaugur Pálsson
	Útlitsbreyting(gey	Gunnlaugur Pálsson
1992	Niðurrif (geymsla	arkitekt

arkitekt  
arkitekt

#### Saga

Á þessari lóð stóð áður fjós *Innréttингanna* en það var reist árið 1759. Árið 1847 var lóðin sold stiftprentsmeðjunni og létt hún reisa geymsluhús á lóðinni. Núverandi hús var byggt árið 1881 af Jóni Vídalín og Páli Eggertz. Síðan eignaðist húsið Brynjólfur H. Bjarnason og var búsaðaldaverslun með nafni hans rekin í húsinu frá 1886 til 1960. Síðan hafa ýmsar verslanir og skrifstofur verið þar til húsa. Húsið var fyrst virt 27. september 1881 og samkvæmt virðingunni er húsið byggt af bindingi með steinlímberton og með járnþaki. Árið 1901 var virt geymsluhús úr bindingi á lóðinni. Árið 1909 var virtur kvistgluggi á suðurhlið íbúðarhússins. Árið 1911 var geymsluhúsið hækkað um eina hæð. Þegar íbúðarhúsið var virt árið 1916 var það allt klætt með járni. Húsin voru óbreytt á árunum 1916-1942. Samkvæmt virðingu frá 1944 var íbúðarhúsið óbreytt en geymsluhúsið hafði gengið í gegnum gagngerar endurbætur. Árið 1957 var veitt leyfi til að setja glugga á þá hlið geymsluhússins sem sneri að Vallarstræti. Árið 1992 var sóst eftir því að fá að rífa geymsluhúsið. Lagst var gegn því af hálfu Árbæjarsafns en húsið var engu að síður rifið. Árið 2002 var óskað eftir leyfi til að rífa núverandi hús eða flytja það til að rýma fyrir nýbyggingu á lóðinni. Árbæjarsafn og Húsafríðunarnefnd ríkisins lögðust gegn þeim áformum. Það var samdóma álit þeirra að húsið að Aðalstræti 7 myndaði ásamt öðrum gömlum húsum við Ingólfstorg og nágrenni sterka umgjörð um torgið og hefði því mikið varðveislugildi. Báðir aðilar álitu svo að húsið væri best varðveitt á staðnum.

#### Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Einfalt bárujárnhús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist sögu verslunar í Reykjavík og upphafi byggðar í Kvosinni.

**Umhverfisgildi:** Húsið hefur mikið gildi fyrir götumynd Aðalstrætis og Vallarstrætis.

**Upprunaleg gerð:** Húsið er að mestu leyti óbreytt.

**Varðveislugildi:** Húsið hefur mikið gildi fyrir götumynd og vegna húsagerðar. Það er í dökkgulum flokki í Húsværndarskrá Reykjavíkur, verndun götumynda. Vegna aldurs eru allar breytingar á húsinu háðar lögum um húsafríðun 104/2001.

Fyrsti eigandi Ragnar Þórðarson o.fl.

Hönnun Jósef Reynis, Gísli Halldórs-  
son, Ól. JúliussonUpphafleg notkun  
Verslun og skrifstofur**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteypt	Útlit
Klæðning	Múrsléttuð/málað	Tvílyft
Þakgerð		Kjallari
Þakklæðning	Pappi	
Undirstöður		

**Helstu breytingar**

1993 Hækjun

**Hönnuðir breytinga**Guðni Pálsson arkitekt  
Dagný Helgadóttir arkitekt**Saga**

Fyrsta hús á lóðinni var íbúðarhús forstjóra *Innréttингanna* sem var reist á árunum 1756-57. Það var rifið 1902 og nýtt hús reist í staðinn. Það hús eyðilagðist af eldi árið 1967 og var rifið árið eftir.

Árið 1969 var hafist handa við að reisa núverandi hús á lóðinni, nýtt verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Húsið var hækkað um þrjár hæðir árið 1993 og í dag (2005) eru íbúðir á efri hæðum hússins.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi: Síðfunkísstill.

Menningarsögulegt gildi: Tengist sögu verslunar í miðbæ Reykjavíkur.

Umhverfisgildi: Hefur ekki mikið gildi.

Upprunaleg gerð: Húsið hefur verið hækkað um þrjár hæðir.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.

**Fyrsti eigandi** Páll Melsted  
sagnfræðingur

**Hönnun** Helgi Helgason  
trésmiður

**Upphafleg notkun**  
Íbúðarhús



#### Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Timbur, listasúð
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Hellur
Undirstöður	Hlaðnar úr grjóti

#### Útlit

Tvílyft
Kjallari
Kvistir

#### Helstu breytingar

1915	Inngönguskúr
1927	Inngönguskúr
1935	Ný klæðning
1946	Viðbygging
1946	Múrhúðun
1997	Endurgerð uppr.l.

#### Hönnuðir breytinga

ókunnur	
Valgeir Björnsson	
ókunnur	
Hörður Bjarnason	arkitekt
Gunnlaugur Pálsson	arkitekt
Jón Ó. Ólafsson og	arkitekt
Sigurður Einarsson	arkitekt

## Saga

Á þessari lóð var fyrst reist hús árið 1835. Í því húsi stofnuð hjónin Thora Grímsdóttir og Páll Melsted *Kvennaskólan* í Reykjavík árið 1874. Þau létu rífa húsið árið 1878 og reistu númerandi hús á lóðinni með þarfir skólans í huga en húsið var jafnframt heimili þeirra hjóna. Framhlið hússins var skreytt með útskornum flatsúlum og yfir inngangni á suðurgafli og gluggum á framhlið voru bjórar en úrskornar vindskeiðar á kvistinum og göflum. Í æviminningum sínum segir Páll Melsted að viðirnir í húsinu hafi verið frá Halmstad í Svíþjóð en allt kalk tekið úr Esjunni. Árið 1880 var komið nýtt geymslhús úr bindingi á lóðina og er það virt fram til ársins 1935. Þegar húsið var virt 1915 var í fyrsta sinn minnst á ris og að við vesturhlíð hússins væri inngönguskúr. Þá var Hallgrímur Benediktsson kaupmaður orðinn eigandi hússins en hann bjó í því ásamt fjölskyldu sinni til ársins 1928. Árið 1927 var kominn nýr inngönguskúr við suðurgafl hússins með veggsvölum. Húsinu var breytt í skrifstofur árið 1935. Þá var allt húsið járnvarið. Árið 1946 var húsinu breytt og það stækkað með viðbyggingu til vesturs. Húsið var þá allt múrhúðað að utan með skeljasandi. Þá þjónaði það hlutverki samkomu- og veitingahúss. Árið 1997 var hafist handa við endurgerð á húsinu og það færð til eldra horfs. Árið 2002 var húsinu enn á ný breytt í skemmtistað og í dag er (2005) skemmtistaðurinn *Nasa* rekinn í húsinu.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Eldra húsið: Nýklassík. Viðbygging: Einfalt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist menntunarsögu kvenna á Íslandi og sögu skemmtanahalds í Reykjavík.

**Umhverfisgildi:** Hluti af mikilvægri heild í umhverfi Austurvallar.

**Upprunaleg gerð:** Eldra húsið hefur verið færð til eldra horfs. Viðbygging að mestu óbreytt.

**Varðveislugildi:** Lagt er til að húsið verði friðað samkvæmt lögum um húsafríðun nr. 104/2001. Vegna aldurs eru allar breytingar á húsinu háðar lögum um húsafríðun 104/2001. Húsið er byggt sem hluti af umgjörð Austurvallar og er með bestu dænum um nýklassískt hús úr timbri. Húsið er tímamótahús í íslenskri húsagerðarlist. Þar kemur í fyrsta sinn fram sú stefna í gerð íslenskra timburhúsa sem Helgi Helgason mótaði, íslensk nýklassík.

Fyrsti eigandi Ríkissjóður

Hönnun Guðjón Samúelsson  
arkitektUpphafleg notkun  
Skrifstofa**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttáð
Pakkerð	Mænisþak
Þakklæðning	Eternitplötur
Undirstöður	

**Útlit**

Fimmlyft
Ris
Kjallari
Kvistir

**Helstu breytingar**

1955	Viðbygging
1967	Viðbygging
1989	Hækjun
1992	Ný klæðning

**Hönnuðir breytinga**

Bárður Ísleifsson	arkitekt
Gísli Halldórsson	arkitket
Jósef Reynis	arkitekt
Ólafur Júliusson	bygg.fr.
Jósef Reynis	arkitekt
Jósef Reynis	arkitekt

**Saga**

Fyrsta hús á lóðinni var reist árið 1835 en suðurhluti hennar var óbyggður fram til ársins 1848. Hús þetta var selt ríkssjóði 1929 og rifið og *Landssímahúsið* reist á lóðinni árið 1931. Þegar húsið var fullgert fluttu í það Landssíminn, Bæjarsími Reykjavíkur, Póstmálaskrifstofan, Ríkisútvarpið og Veðurstofan. Þegar húsið er vritt árið 1931 segir að yfir gluggum 4. hæðar sé veggþallur (svalir) eftir endilangri framhlið hússins, með steinsteytpuplum og handriði. Einnig er vritt álma sem gengur í vestur frá aðalhúsini nyrst. Hún er að öllu leyti byggð úr samskonar efni og með sama frágangi og aðalhúsið. Næsta virðing var gerð árið 1955 en þá var risin viðbygging til vesturs, fimm hæðir með risi og kjallara. Viðbyggingin er úr steinsteypu og er framhliðin kvartshúðuð en annars múrsléttáð. Við byggingu hennar var komið niður á leiði í gamla kirkjugarðinum og var byggingin þá minnkuð. Á árunum 1966-67 var reist fjögurra hæða viðbygging sunnan við húsið. Þegar viðbyggingin var byggð náði hún að jaðri gamla kirkjugarðsins en fór þó á einum stað inn í hann. Árið 1969 var skipt um þakbrún og handrið á svöllum hússins frá 1931 þar sem þessir húshlutar voru orðnir gjörsamlega ónýtir. Árið 1989 var samþykkt að byggja þakhæð á viðbygginguna frá '66 - '67. Árið 1992 var 1. hæð viðbyggingarinnar frá 1955 klædd með granitplötum á suður- og vesturhlið og suðurgaflinn fyrir ofan 1. hæð með Steni-plötum.

**Varðveislumat:**

**Listrænt gildi:** 1931 og 1955: Nýklassík í steinsteypu; 1966-67: Síðfunkísstíll.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengist sögu fjarskipta á Íslandi.

**Umhverfisgildi:** Hluti af mikilvægri heild í umhverfi Austurvallar.

**Upprunaleg gerð:** Húsin eru að mestu óbreytt.

**Varðveislugildi:** Húsið frá 1931 er í flokki um verndun 20. aldar bygginga (grænn litur á húsverndarkorti). Í þeim flokki eru hús með listrænt gildi og þarf að sýna sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Fyrsti eigandi Sigurður Jónsson  
smiður

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun  
Íbúðarhús



#### Upphafleg gerð

Tegund Timbur, bindingur  
Klaðning Timbur og járn  
Þakgerð Mænisþak  
Þakklæðning Bárujárn  
Undirstöður Hlaðnar úr grjóti

#### Útlit

Einlyft  
Kjallari

#### Helstu breytingar

1896 Viðbygging  
1905 Hækkan  
1905 Kvistur  
1905 Svalir  
1920 Hækkan  
1920 Kvistur  
1925 Bruni  
1925 Inngönguskúr  
1937 Viðbygging  
1981 Bruni

#### Hönnuðir breytinga

ókunnur  
ókunnur  
ókunnur  
ókunnur  
ókunnur  
ókunnur  
ókunnur  
Finnur Thorlacius

arkitekt

#### Saga

1992 Niðurrif (bakhús)

Lóðin var upphaflega hluti af lóð Schierbecks landlæknis, Aðalstræti 11. Hann reisti geymsluhús þar árið 1883. Sigurður Jónsson keypti lóðina árið 1884 og reisti þar íbúðarhús. Sturla Jónsson keypti húsið 1895 og létt gera viðbyggingu við vesturenda þess 1896. Hún var úr bindingi og klædd borðum og járni. Sturla setti einnig upp brauðgerð í húsinu það sama ár og var settur bökunarofn í kjallara hússins. Var þá hætt rekstri smiðjunnar sem þar hafði verið. Björn Símonarson gullsmiður keypti húsið 1901. Hann rak verslun sína í húsinu en kona hans Kristín Björnsdóttir rak bakarí sem kennt var við eiginmann hennar, Björnsbakarí. Þegar húsið var virt árið 1905 hafði það verið hækkað. Einig var búið að setja kvist á húsið sem gekk fram úr suðurhlíð hússins. Á norðurhlíðinni voru veggsvalir með skýli. Þá var allt húsið járnklætt. Árið 1916 var virt nýtt geymsluhús á lóðinni. Árið 1920 var vesturhluti hússins hækkaður um eina hæð og íbúð innréttuð. Einig var búið að setja 3 kvisti á norðurhlíðina. Árið 1921 var geymslan frá 1916 rifinn og ný byggð í staðinn. Árið 1925 kviknaði í út frá bökunarofni í kjallara aðalhússins en skemmdir voru ekki miklar. Ný geymsla var virt 1925 og einnig inngönguskúr við aðalhúsið. Rekstur hótelsins Hótel Vík hófst í húsinu árið 1935. Árið 1937 var virt ný viðbygging úr steinsteypu. Á fyrrihluta ársins 1981 varð bruni á 3. hæð hússins og skemmdust þá hótelherbergi á 2. og 3. hæð bæði af vatni og eldi. Árið 1992 var geymslan frá 1921 rifin. Önnur bakhús á lóðinni hafa einnig verið fjarlægð.

#### Varðveislumat:

Listrænt gildi: Bárujárnsklassík.

Menningarsögulegt gildi: Tengist sögu verslunar og bakara í Reykjavík.

Umhverfisgildi: Einn öflugasti hlekkurinn í þeirri keðju timburhúsabyggðar sem umlykur Ingólfstorg.

Upprunaleg gerð: Húsið er talsvert breytt.

Varðveislugildi: Húsið hefur mikið gildi fyrir götumynd og vegna húsagerðar. Það er í dökkgulum flokki í Húsverndarskrá Reykjavíkur, verndun götumynda. Vegna aldurs eru allar breytingar á húsinu háðar lögum um húsafríðun 104/2001.

## **Heimildaskrá**

### **Óprentaðar heimildir:**

Minjasafn Reykjavíkur-Árbæjarsafn (MsR-Ábs.):

Byggðar lóðir í Reykjavík.

Húsaskrá Reykjavíkur.

Kortasafn.

Borgarskjalasafn (BsR):

Aðf. 723-724. Brunatrygging húsa 1874-1895.

Aðf. 734-748. Brunabótavirðingar.

Aðf. 751-757. Brunatrygging húsa 1896-1943.

Aðf. 3374. Götunöfn og húsanúmer 1914-1960.

Skjöl byggingarfulltrúa. (B) fyrir Aðalstræti, Vallarstræti, Thorvaldsensstræti, Kirkjustræti og Austurvöll.

Byggingarfulltrúi Reykjavíkur (Byggf. í Rvk.):

Innlagðar teikningar.

### **Prentaðar heimildir:**

*Aðalskipulag Reykjavíkur* 1962-83. Reykjavík 1966.

*Aðalskipulag Reykjavíkur* 1984-2004. Unnið af Borgarskipulagi Reykjavíkur. Reykjavík 1988.

*Byggingarreglugerðir og lög* 1839, 1844, 1894, 1903, 1904, 1915, 1924, 1964.

Árni Óla: „Nafngiftir gatna í Reykjavík“. *Skuggsjá Reykjavíkur. Sögukaflar*. Reykjavík 1961, bls. 328-344.

Árni Óla: *Reykjavík fyrri tíma. Sögukaflar*. Fyrsta og þriðja bindi. Reykjavík 1984 og 1986.

Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870–1940*. Fyrri og síðari hluti. Reykjavík 1991 og 1994.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson: *Kvosin. Byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur*. Reykjavík 1987.

Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingarárfleið I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940*. Reykjavík 1998.

*Íslensk byggingarlist*. Arkitektaskólinn í Árósum, sýningarskrá samnefndar sýningar. Reykjavík 1996.

*Íslenzk bygging. Brauðryðjandastarf Guðjóns Samúelssonar*. Texti og ritstjórn: Jónas Jónsson og Benedikt Gröndal. Reykjavík 1957.

*Leiðsögn um íslenska byggingarlist.* Ritstjórn: Dennis Jóhannesson, Albína Thordarson, Málfríður Kristjánsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir. Reykjavík 2000.

Nanna Hermansson ritstjóri: *Kvosin milli Aðalstrætis og Austurvallar.* Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Mjöll Snæsdóttir, Salvör Jónsdóttir. Reykjavík 1983.

Páll Líndal: *Bærinn byggjast. Yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938.* Reykjavík 1982.

Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund. Saga og sérkenni höfuðborgarinnar í máli og myndum,* 1.-3. bindi. Reykjavík 1988.

*Skrá yfir friðuð hús og húsið i vörslu safna. Lög, reglugerðir og samþykktir. Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu 1750-1970.* Ritröð Húsafríðunarnefndar ríkisins: Viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa. Reykjavík 2000.

*Styttur bæjarins. Vegvísir um Reykjavík.* Texti: Helga Lára Þorsteinsdóttir og Eiríkur Þorláksson. Reykjavík 2002.

Trausti Valsson: *Reykjavík. Vaxtarbroddur. Þróun höfuðborgar.* Reykjavík 1986.

*Vinaminni. Blað um umhverfisverndun,* 1. tbl., 1. árg., maí 1978.

Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870.* Fyrri og síðari hluti. Reykjavík 2002.

## Myndaskrá

Þær myndir sem ekki er getið um tók Helga Maureen Gylfadóttir á vettvangi í janúar 2005.

Forsíða. Thorvaldsensstræti 2, Kvennaskólinn við Austurvöll. Ljósmyndari Sigfús Eymundsson. *Pjóðminjasafn Íslands*, SEY 603.

Bls. 5. Reykjavík 1836. Kort eftir Victor Lottin. *Minjasafn Reykjavíkur-Árbæjarsafn.*

Bls. 6. Thorvaldsensstræti 2, Kvennaskólinn við Austurvöll. Ljósmyndari Sigfús Eymundsson. *Pjóðminjasafn Íslands*, SEY 603.

Bls. 7. Vallarstræti 4 árið 1910. Ljósmyndari Magnús Ólafsson. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*, MAÓ 146.

Bls. 7. Aðalstræti 7 ca árið 1910. Ljósmyndari óþekktur. *Minjasafn Reykjavíkur-Árbæjarsafn*, abs. 10.222.

Bls. 8. Reisugildi 1932. Hús Landsímans við Austurvöll nýrisið. Ljósmyndari Magnús Ólafsson. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*, MAÓ 329.

Bls. 9. Kaupstaðarlóðin 1787. Kort eftir Rasmus Lievog. *Pjóðskjalasafn.*

Bls. 11. Hótel Vík, Vallarstræti 4. Mynd framan á bæklingi um hótelið frá 1968.  
Myndin teiknuð 1964 af Halldóri Péturssyni.

Bls. 12. Aðalstræti 11 og skrúðgarður Schierbecks. Ljósmyndari Sigfús Eymundsson.  
*Þjóðminjasafn Íslands*, SEY 398.

Bls. 13. Reiptog á Austurvelli, 1905-1915. Ljósmyndari Magnús Ólafsson.  
*Ljósmyndasafn Reykjavíkur*, MAÓ 19.

Bls. 14. Aðalstræti 9, Braunsverslun, 1920-1930. Ljósmyndari Magnús Ólafsson.  
*Ljósmyndasafn Reykjavíkur*, MAÓ 2547.

Bls. 15. Aðalstræti 11 og gamli kirkjugarðurinn, 1916. Ljósmyndari Magnús Ólafsson.  
*Ljósmyndasafn Reykjavíkur*, MAÓ 30.

Bls. 16. Thorvaldsensstræti 2, 4 og 6, 1910-1920. Ljósmyndari Magnús Ólafsson.  
*Ljósmyndasafn Reykjavíkur*, MAÓ 41.

Bls. 17. Lyfjabúðin á horni Thorvaldsensstrætis og Kirkjustrætis. Ljósmyndari Sigfús Eymundsson. *Þjóðminjasafn Íslands*, SEY 605.

Bls. 17. Reykjavík 1902, kort Landmælingadeildar herforingjaráðsins í Kaupmannahöfn. *Minjasafn Reykjavíkur-Árbæjarsafn*.

Bls. 18. Hluti af skipulagsuppdrættinum frá 1927. Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*, síðari hluti, bls. 108.

Bls. 19. Fyrirhuguð byggð við Aðalstræti. *Aðalskipulag Reykjavíkur* 1962-1983, bls. 151.